


Til aðildarfélaga

Alþýðusambands Norðurlands



Þingið

Stjórn Alþýðusambands Norðurlands boðar til 39. þings Alþýðusambands Norðurlands. Þingið verður haldið að Illugastöðum í Fnjóskadal 24. og 25. september 2026 (fimmtudagur til föstudags).

Umræður á þinginu:

Á þinginu mun stjórn sambandsins flytja tillögu um fjárhagsáætlun fyrir árin 2026 og 2027 og næstu stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga. Jafnframt mun stjórnin sjá um vinnslu og afgreiðslu kjörbréfa.

Tillögur frá aðildarfélögum:

Hafi einstök aðildarfélög Alþýðusambands Norðurlands ákveðnar tillögur eða áhuga á að ákveðin mál verði tekin upp á þinginu er mikilvægt að þau komi óskum sínum þar að lútandi til stjórnar sambandsins sem fyrst og eigi síðar en föstudaginn 4. september 2026.

Fulltrúafjöldi á þingið:

Hvert sambandsfélag hefur rétt til fulltrúa á sambandsþingi sem hér segir: Fulltrúar á AN-þingi verði 100 sem skiptast á milli aðildarfélaga eftir fjölda félagsmanna skv. skýrslu til ASÍ um félagsmenn frá árinu á undan. Ef upp kemur sú staða að eitthvert félag fái engan eða einn fulltrúa verður viðkomandi félagi tryggðir að lágmarki tveir fulltrúar sem komi til viðbótar áður nefndum fulltrúafjölda, þannig að öll félög hafi rétt á að senda að lágmarki tvo fulltrúa. Tala varafulltrúa fer eftir sömu reglum. Með félagsmönnum í grein þessari er átt við þá félagsmenn sambandsfélags sem greiða félagsgjöld á sambandssvæðinu. Fulltrúatala miðast við tölu félagsmanna 1. janúar 2025.

Æskilegt er að aðildarfélög sendi upplýsingar um fulltrúa á þinginu (kjörbréf) á okkah@hotmail.com a.m.k. viku fyrir þing.

Rafrænt þing:

Vert er að benda á að þingið verður pappírslaut.

Allar nánari upplýsingar um þingið veita:

Ósk Helgadóttir formaður AN - okkah@hotmail.com - 8626073

Jóhannes Jakobsson varaformaður AN - johannesjakobsson1502@gmail.com - 8963216

Stjórn Alþýðusambands Norðurlands skipa :

Formaður: Ósk Helgadóttir Framsýn

Varaformaður: Jóhannes Jakobsson Byggið

Ritari: Vigdís Edda Guðbrandsdóttir Samstaða stéttarfélag

Varastórn:

Aneta Potrykus Verkalýðsfélag Þórshafnar

Atli Hjartarsson Aldan stéttarfélag

Eydís Bjarnadóttir FVSA